

AUGLÝSING

um breytingu á verði á lyfjum samkvæmt 4. gr. reglugerðar um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, nr. 173 20. desember 1967.

Frá og með 1. maí 1969 breytist verð á samsettum vitamíntöflum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 173 20. desember 1967 og verður í útsölu kr. 65.50 hver 100 stykkja pakkning og sömuleiðis breytist verð á askorbínsýrutöflum samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nefndrar reglugerðar og verður kr. 44.50 hver 100 stykkja pakkning.

Við verðið bætist söluskattur. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 93 19. apríl 1968 um verð nefndra lyfja.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. apríl 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 105.

18. apríl 1969.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Andakílshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 106.

25. apríl 1969.

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerki almannavarna.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þar, sem gerðar eru ráðstafanir til almannavarna samkvæmt 7. og 8. gr. laga nr. 94/1962, sbr. nr. 30/1967.

2. gr.

Með viðvörun er hér átt við að almenningur fái vitneskju um yfirvofandi hættu af völdum hernaðaraðgerða eða náttúruhamfara. Viðvörun skal framkvæma þannig að tryggt sé, svo sem framast er unnt, að allir íbúar svæðis séu varaðir við hættunni.

3. gr.

Til viðvörunar í kaupstöðum og kaaptúnunum með 2000 íbúa eða fleiri, skal nota handknúin tæki eða aðrar aðferðir. Leita skal samþykkis forstöðumanns almannavarna um gerð búnaðar eða aðferðir, sem notaðar eru til viðvörunar.

4. gr.

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

a. Merki um yfirvofandi hættu.

Með þrýstiloftsflautu (tyfon): Slitróttur tónn.

Með hljóflautu (sírenu): Hækkandi og lækkandi tónn.

Merki varir í 1 mínútu.

b. Merki um yfirvofandi úrfall geislavirkra efna.

Með þrýstiloftsflautu (tyfon): Slitróttur tónn:

6 stutt tónmerki og 15 sekúnda þögn.

Merkið skal endurtekið í 3 mínútur.

Með hljóflautu (sírenu): Hækkandi og lækkandi tónn:

6 sveiflur og 15 sekúnda þögn.

Merkið skal endurtekið í 3 mínútur.

c. Merki um að hætta sé liðin hjá.

Stöðugur tónn sem varir í 1 mínútu.

5. gr.

Til að tryggja að viðvörunarbúnaður sé ætíð virkur, skal hann reyndur reglulega. Viðvörunarkerfið skal reynt laugardag í fyrstu viku hvers ársfjórðungs, og skal það tilkynnt almenningi með nægum fyrirvara í útvarpi og blöðum.

Tæknilegan búnað viðvörunarkerfisins skal reyna einu sinni í mánuði, án þess að hljóðmerki sé gefið.

6. gr.

Hljóðmerki samkvæmt 4. grein, lið a og b, má eigi nota í öðru skyni en þar segir.

Eigi má heldur nota viðvörunarbúnaðinn til annarra merkjasendinga, nema með samþykki forstöðumanns almannavarna.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 30/1967.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.